



Nefndasvið Alþingis  
B/t Sólveigar Pétursdóttur  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 121/1036*

*kornudagur 12/3 1997*

Reykjavík 10. mars 1997,

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um sanningsveð mál nr. 234.**

Með bréfi dags. 5. febrúar 1997 var Félagi íslenskra stórkaupmanna sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fyrir Alþingi nokkur undanfarin ár, án þess að hljóta þar afgreiðslu. Félagið hefur áður gert athugasemdir við frumvarpið m.a undir merkjum Íslenskrar verslunar. Eins og það er nú lagt fram, getur félagið ekki mælt með því að það verði samþykkt. Lögleiðing þess í dag, myndi hafa verulega skerðingu í för með sér fyrir vörusala og leiða af sér verulega skerta réttarstöðu þeirra gagnvart bönkum og öðrum lánastofnunum. Vega þar þyngst ákvæði um veð í vörubirgðum og söluveð. Eins og frumvarpið kemur félaginu fyrir sjónir, munu bankar og lánastofnanir geti tekið alsherjarveð í eignum og rekstrarvörum fyrirtækja, án tillits til þess, hvort birgðir hafi verið greiddar eða ekki. Með þessu er sú takmarkaða réttarstaða, sem birgjar og vörusalar búa við í dag, eða eygja von um greiðslu upp í almennar kröfur, komi til gjaldþrots, með öllu þurrkuð út. Félagið telur nauðsynlegt að inntaki þessara tveggja kafla verði breytt í þá átt, að veðsetning vöru sem annað hvort er háð eignaréttarfyrrvara, eða hefur ekki að fullu verið greidd við afhendingu, geti aldrei hrundið rétti seljanda. Því leggur félagið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:


1. Við 3. gr. 3. tl. bætist: Þetta tekur þó ekki til þeirra hluta sem söluveð er sett fyrir til seljanda eða lánveitanda, enda hafi kaupverð þá verið að fullu greitt sbr. b. lið 35. gr.
2. 36. gr. breytist þannig: Heimilt er að stofna til söluveðs yfir hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Skal um stofnun slíks veðréttar gerður sérstakur skriflegur samningur, þar sem fram komi með hvaða hætti veðsali getur tekið af hinu veðsetta til endursölu og hvernig fari um greiðslur til seljanda, enda sé slíkt í samræmi við eðli rekstrarins og rýri ekki að mun tryggingu veðhafa. Nær þetta einnig til þeirra tilvika, þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins. Að öðru leiti gilda ákvæði 23. gr. þessara laga.

Félagið telur þessar breytingar nauðsynlega forsendu fyrir því, að ekki raskist með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, réttarstaða vörusala. Hvað varðar aðrar greinar frumvarpsins, leyfir félagið sér að gera eftirfarandi athugasemdir.:

3. Efni 25. gr. frv. verði fært í 1. gr. þess, þar sem eðlilegt hljóti að teljast að allar skilgreiningar skv. lögnum séu á einum og sama stað.
4. Við 39. gr. bætist svohljóðandi ákvæði: Skylt er að kynna seljanda söluhlutarins eða lánveitanda vegna kaupa á honum fyrirfram að slík viðskeyting sé fyrirhuguð.
5. Við 40. gr. bætis svohljóðandi ákvæði: Skylt er að kynna seljanda söluhlutarins eða lánveitanda vegna kaupa á honum fyrirfram að slíkar endurbætur séu fyrirhugaðar.

Að öðru leiti hefur félagi ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið. Félagið er að sjálfsögðu reiðubúið að svara öllum fyrirspurnum sem kunna að vakna hjá nefndarmönnum varðandi ábendingar þess.

Fh/Félags íslenskra stórkaupmanna



Stefán S. Guðjónsson frkvstj.